



Borgarráð

**Tillaga að viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019****1. Styrkur vegna CrossFit Championship 2019 (ÍTR)**

Lagt er til að fjárheimildir íþrótta- og tómstundasviðs verði hækkaður um 9.000 þ.kr. vegna styrkjar til Reykjavík CrossFit Championship (RCC) vegna fyrstu alþjóðlegu CrossFit keppni á Íslandi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Styrkur vegna CrossFit Championship 2019	Til	9.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-9.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Vísað er í mál R19010363, Reykjavík CrossFit Championship - styrkbeiðni.

**2. Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands (MOF)**

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) verði hækkaður um 10.619 þ.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	03102	Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfó	Til	10.619
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-10.619

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

**Greinargerð:**

Þessi tillaga um viðauka er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið 2019 var gert ráð fyrir að hækka framlag til hljómsveitarinnar í samræmi við verðlag, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins áður en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn. Skv. staðfestingu frá Fjárslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 246.490 þkr. framlag árið 2019 og hækkar framlagið skv. því um 8% milli ára. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2018 eða 4.356 þkr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla

ársins nemi 250.847 þkr. en samþykkt áætlun nemur 240.228 þkr. Mismunur nemur því 10.619 þkr.

### 3. Eitt námsgjald þvert á skólastig (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaður um 15.096 þ.kr. vegna breytinga á reglum vegna systkinaafsláttar Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxxxx	Eitt námsgjald þvert á skólastig	Til	15.096
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-15.096
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

#### Greinargerð:

Vísað er í afgreiðslu á breytingatillögu Samfylkingar (S), Viðreisnar (C), Pírata (P), og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs (V) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 (mál R18010348), SCPV-26 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna eins námngjalds þvert á skólastig, dags. 4. des. 2018. Gert var ráð fyrir að tekjur skóla- og frístundasviðs á ársgrundvelli myndu lækka um 110.000 þ.kr. Nýtt mat gerir ráð fyrir 125.096 þ.kr. eða um 15.096 þ.kr. hærra en áður hafði verið áætlað. Sjá meðfylgjandi umsögn fjármálaskrifstofu.

### 4. Flutningur á afgangi og halla frá árinu 2017

Lagt er til að fjárheimildum fagsviða og miðlægrar stjórnarsýslu árið 2018 verði hækkaðar að nettó fjárhæð um 18.817 þ.kr. vegna flutnings á afgangi og halla árið 2017. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	xxxx	Innri endurskoðun (END)	Til	2.077
RHS	xxxx	Fjármálaskrifstofa (FMS)	Til	20.245
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	7.665
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	-11.170
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-18.817
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar. Fjármálastjóra verði falið að útfæra fjárheimildir á kostnaðarstaði og rekstrareiningar í samvinnu við fagsvið.

#### Greinargerð:

Vísað er í afgreiðslu borgarstjórnar 16. okt. 2018 á tillögu um viðauka vegna flutnings á afgangi og halla vegna ársins 2017. Í tillögunni var gert ráð fyrir að sviðsstjórar útfærðu tillögu til borgarstjóra að skiptingu á breyttum fjárheimildum á einstakar rekstrareiningar og kostnaðarstaði, í samræmi við gildandi reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Í henni kom fram að miðað væri við að afgangi yrði varið eða halla mætt á árinu 2018 og/eða á árinu 2019. Tillögur fagsviða og skrifstofa í miðlægri stjórnarsýslu fólu í sér að ofangreindur afgangur og/eða halla kæmi til framkvæmda á árinu 2019. Tillagan nú miðar við að uppfæra fjárhagsáætlanir viðkomandi í samræmi við það.

## 5. Styrkur til Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi vegna framleiðslu á fræðsluþáttaröð um loftslagsmál (RHS)

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaður um 1.500 þ.kr. vegna styrks til Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi vegna framleiðslu á fræðsluþáttaröð um loftslagsmál. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	09510	Ýmsar sammingsbundnar greiðslur	Til	1.500
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-1.500
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

### ***Greinargerð:***

Vísað er í mál R19010399, Styrkveiting til Félags sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Tillögunar þarfnast samþykkis borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson



## Umsögn

**Efni:** Breyting á reglum vegna systkinaafsláttar  
**Viðtakandi:** Borgarstjóri  
**Sendandi:** Fjármálastjóri

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármálaskrifstofa á tillögum Skóla- og frístundasviðs um breytingu á reglum vegna systkinaafsláttar. Breytingin felur í sér að barnafjölskyldur greiði námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat Skóla- og frístundasviðs.

### Umsögn

Upphafleg kostnaðarmat SFS hljóðaði upp á viðbótarfjárheimild að fjárhæð 110 m.kr. á ársgrundvelli. Í ljós kom hins vegar að inn í kostnaðarmatið vantaði að taka tillit til hækkunar á systkinaafslætti innan skólastigs. Endurskoðað kostnaðarmat SFS þar sem bæði er tekið tillit til hækkunar á systkinaafslætti innan og milli skólastiga hljóðar upp á **135 m.kr.**

Skýringar	Upphaflegt kostnaðarmat SFS	Fyrir breytingu		Eftir breytingu		Viðbótar kostnaður
		Afsláttur	Kostnaður	Afsláttur	Kostnaður	
1.	Systkinaafsl. á milli skólastiga	50%	100.000.000	100%	200.000.000	100.000.000
2.	Systkinaafsl. á milli skólastiga - óvissa v. aukningu í vistun		0		10.000.000	10.000.000
			<b>100.000.000</b>		<b>210.000.000</b>	<b>110.000.000</b>
<b>Endurskoðað kostnaðarmat SFS (viðbót við upphaflegt kostnaðarmat)</b>						
3.	Systkinaafsláttur innan skólastigs - leikskólar	75%	117.662.590	100%	156.883.453	39.220.863
3.	Systkinaafsláttur innan skólastigs - frístund	75%	29.624.345	100%	39.499.127	9.874.782
						49.095.645
4.				Samtals viðbótarkostnaður eftir breytingu		159.095.645
				Væntur afgangur vegna afsláttar á milli skólastiga		-24.000.000
				<b>Endurskoðað kostnaðarmat SFS</b>		<b>135.095.645</b>

### Skýringar:

- Í útreikningum SFS er gert ráð fyrir kostnaður við systkinaafslátt á milli skólastiga tvöfaldist við breytinguna þ.e. fari úr 100 m.kr. í 200 mkr, á grundvelli fjárheimilda. Breytingin felur í sér að reiknaður er 100% afsláttur af gjaldi frístundar, í stað 50% áður.
- Útreikningar SFS gera ráð fyrir 10 m.kr. í óvissu vegna mögulegrar aukningar í vistun þegar þjónustan verður ókeypis.
- Innan skólastigs er gert er ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna hækkun afsláttar úr 75% í 100% nemi um 49,9 m.kr. Þar af er viðbótarkostnaður um 39,2 m.kr. vegna barna í leikskólum og um 9,9 m.kr vegna barna í frístund. Matið byggist á raunkostnaði ársins 2018 sem er uppreiknaður miðað við 100% afslátt í stað 75%.
- Dreginn er frá væntur afgangur vegna þess að raunkostnaður ársins 2018 var undir fjárheimildum. Árið 2018 var raunkostnaður 88 m.kr. vegna systkinaafsláttar á milli skólastiga en áætlun gerði ráð fyrir 100 m.kr. Verði samskonar afgangur eftir breytingu úr 50% í 100%



afslátt má geri ráð fyrir að raunkostnaður verði 24 m.kr. undir áætlun. Í kostnaðarmatinu er áætlun lækkuð sem þessu nemur.

Samkvæmt kostnaðarmati SFS er gert ráð fyrir að breyting á reglum vegna systkinaafsláttar bæði innan skólastigs og milli skólastiga hljóði upp **135 m.kr.**

## Niðurstaða

Yfirferð fjármálaskrifstofu sýnir eftirfarandi niðurstöðu:

	Núverandi fjárheimild SFS	Mat SFS á kostnaði eftir breytingu	Viðbótar fjárheimild skv. mati SFS	Mat FMS á kostnaði eftir breytingu	Viðbótar fjárheimild skv. mati FMS
<b>Kostnaðarmat FMS</b>					
Systkinaafsl. á milli skólastiga	100.000.000	186.000.000	86.000.000	<b>176.000.000</b>	<b>76.000.000</b>
Systkinaafsláttur innan skólastigs - leikskólar	117.662.590	156.883.453	39.220.863	<b>156.883.453</b>	<b>39.220.863</b>
Systkinaafsláttur innan skólastigs - frístund	29.624.345	39.499.127	9.874.782	<b>39.499.127</b>	<b>9.874.782</b>
	247.286.935	382.382.580	135.095.645	<b>372.382.580</b>	<b>125.095.645</b>

Fjármálaskrifstofa mælir með að miðað verði við 125 m.kr. viðbótarfjárheimild í ramma sviðsins og liggur munurinn í því að ekki er tekið tillit til 10 m.kr. vegna óvissu um aðsókn. Fjármálaskrifstofa mælir hinsvegar með því að talan sé endurskoðuð að hausti þ.e. þegar reynsla er kominn á hvort breytingar feli í sér aukna aðsókn í þjónustuna. Að öðru leyti gerir fjármálaskrifstofa ekki athugasemdir við kostnaðarmatið.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri